

Innviðasjóður

Úthlutun til nýrra verkefna 2021

Efnisyfirlit

1	Samantekt úthlutunar nýrra styrkja úr Innviðasjóði styrkárið 2021	1
2	Fjöldi umsókna/styrkja og sóttar/veittar upphæðir	2
3	Kynjuð greining forsvarsmanna	3
4	Umsóknir sem hlutu styrk árið 2021	3

1 Samantekt úthlutunar nýrra styrkja úr Innviðasjóði styrkárið 2021

Heildarfjöldi umsókna

Alls barst 51 umsókn í Innviðasjóð að þessu sinni og var 21 þeirra styrkt eða um 41% umsókna. Heildarkostnaður vegna innviða sem sótt var um er rétt rúmar 1.415 milljónir kr. Sótt var um 73% af þeim kostnaði til sjóðsins, þ.e. tæplega 1.047 milljónir kr., en rúmar 546 milljónir kr. voru veittar eða 52% umbeðinnar upphæðar. Meðalupphæð umsókna var 20.527 þús. kr. en meðalupphæð styrkja 26.009 þús. kr.

Innviðir á vegvísi

Alls bárust 6 umsóknir um styrki til vegvísa og voru allar styrktar. Sótt var um 461.915 þús. kr. en 440.744 þús. kr. voru veittar eða 95% af umbeðinni upphæð. Hlutfall vegvísastyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 80,7% af úthlutaðri upphæð.

Tækjakaupastyrkir

Alls barst 31 umsókn um styrki til tækjakaupa og voru 12 styrktar eða 38,7% umsókna. Sótt var um 265.335 þús. kr. en 76.613 þús. kr. voru veittar eða 29% af umbeðinni upphæð. Hlutfall tækjakaupastyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 14% af úthlutaðri upphæð.

Uppbyggingarstyrkir

Alls bárust 10 umsóknir um uppbyggingarstyrki og voru 3 þeirra styrktar eða 30% umsókna. Sótt var um 286.922 þús. kr. en 28.828 þús. kr. voru veittar eða 10% af umbeðinni upphæð. Hlutfall uppbyggingarstyrkja af úthlutun Innviðasjóðs er 5,3% af úthlutaðri upphæð.

Uppfærslu-/rekstrarstyrkir

Alls bárust 4 umsóknir um uppfærslu-/rekstrarstyrki en engar voru styrktar eða 0% umsókna. Sótt var um 32.723 þús. kr. en 0 kr. voru veittar.

Aðgengisstyrkir

Að þessu sinni bárust engar umsóknir um aðgengisstyrki.

Kynjaskipting meðal umsækjenda

Af 51 forsvarsmönnum umsókna voru 28 karlar (54,9%) og 23 konur (45,1%). Í þeim 29 verkefnum sem Innviðasjóður styrkti eru í forsvari 12 karlar (57,1%) og 9 konur (42,9%). Árangurshlutfall karla er 42,9% en árangurshlutfall kvenna 39,1%.

2 Fjöldi umsókna/styrkja og sóttar/veittar upphæðir

Tafla 1. Fjöldi umsókna og styrkja eftir fagsviðum (allar styrktegundir)

Fagsvið	Vegvísir		Tækjakaup		Uppbygging		Uppfærsla/rekstur		Aðgengi		Allar styrktegundir		
	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi	0	0	0	0	2	1	1	0	0	0	3	1	33%
Heilbrigðisvísindi	3	3	11	2	3	0	0	0	0	0	17	5	29%
Hugvísindi	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0	2	2	100%
Menntavísindi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Verkfræði- og náttúruvísindi	2	2	20	10	4	1	3	0	0	0	29	13	45%
Samtals	6	6	31	12	10	3	4	0	0	0	51	21	41%

Tafla 2. Sótt og veitt eftir fagsviðum (allar styrktegundir, þús. kr.)

Fagsvið	Vegvísir		Tækjakaup		Uppbygging		Uppfærsla/rekstur		Aðgengi		Allar styrktegundir		
	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi	0	0	0	0	42.654	18.945	7.869	0	0	0	50.523	18.945	37%
Heilbrigðisvísindi	283.708	269.724	131.195	13.037	192.579	0	0	0	0	0	607.482	282.761	47%
Hugvísindi	24.951	24.951	0	0	6.083	6.083	0	0	0	0	31.035	31.035	100%
Menntavísindi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Verkfræði- og náttúruvísindi	153.256	146.068	134.141	63.576	45.605	3.800	24.854	0	0	0	357.856	213.445	60%
Samtals	461.915	440.744	265.336	76.613	286.921	28.828	32.723	0	0	0	1.046.896	546.186	52%

3 Kynjuð greining forsvarsmanna

Tafla 3. Kyn forsvarsmanns eftir fagsviðum

Umsækjendur	Karl			Kona		
	Sótt	Veitt	%	Sótt	Veitt	%
Félagsvísindi	2	0	0%	1	1	100%
Heilbrigðisvísindi	8	4	50%	9	1	11%
Hugvísindi	2	2	100%	0	0	-
Menntavísindi	0	0	-	0	0	-
Verkfræði- og náttúruvísindi	16	6	38%	13	7	54%
Samtals	28	12	43%	23	9	39%

4 Umsóknir sem hlutu styrk árið 2021

Hér má finna [lista yfir styrkt verkefni](#).